

Velferðarsvið Reykjaneshæjar

Ársskýrsla 2019



Hera Ósk Einarasdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjaneshæjar
Mars 2020

VIRÐING · ELDMÓÐUR · FRAMSÆKNI



EFNISYFIRLIT

ÁVARP SVIÐSSTJÓRA	3
NEFNDIR OG RÁÐ	6
SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA	7
BARNAVERND	8
BARNAVERNDARTILKYNNINGAR.....	8
TILKYNNENDUR.....	9
HELSTU ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA	9
BARNAVERNDARMÁL	10
BARNAVERNDARNEFND REYKJANESBÆJAR	11
FÓSTURMÁL	11
UMSAGNARMÁL.....	12
STUÐNINGSÚRRÆÐI BARNAVERNDAR	12
VERKEFNI INNAN BARNAVERNDAR	13
FJÖLSKYLDUMÁL.....	15
HELSTU VERKEFNI	15
FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF	15
FJÁRHAGSAÐSTOÐ.....	16
BIRTAN – FORELDRAFRÆÐSLA OG UPPELDIRÁÐGJÖF	16
FERÐAÞJÓNUSTA	18
SÉRTÆK ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK.....	18
HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR	21
ÖLDRUNARMÁL	23
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ – NESVELLIR	23
FÉLAGSSTARF	24
DAGDVÖL ALDRADRA	24
FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA.....	25
SAMÞÆTT HEIMAÞJÓNUSTA	25
HEIMSENDUR MATUR.....	26
FJÖLÞÆTT HEILSUEFLING – LEIÐ AÐ FARSÆLLI ÖLDRUN	26
ÞJÓNUSTA VIÐ UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND.....	27
FJÖLMENNING	29
GAGNAGRUNNUR.....	29
ERINDI UM FJÖLMENNINGU OG MENNINGARNÆMI	29
SAMSTARF OG TEYMI	29
FAGLEG ÞJÓNUSTA VIÐ FLÓTTAFÓLK Í REYKJANESBÆ	30
PÓLSK MENNINGARHÁTÍÐ	30
LÝÐHEILSA	31



ÁVARP SVIÐSSTJÓRA

Árið 2019 hefur verið ár áframhaldandi þróunar og breytinga á velferðarsviði. Hjá Reykjanesbæ var unnið að nýrri stefnu fyrir árin 2020 – 2030, í krafti fjölbreytileikans, með nýjum gildum fyrir sveitarfélagið; virðing, eldmóð og framsækni. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem tengjast stefnunni voru innleidd og nýtt stjórnskipulag Reykjanesbæjar tók gildi 1. september 2019. Á velferðarsviði var haldið áfram með endurskipulagningu innan sviðsins á grundvelli lagabreytingar frá 1. október 2018 og nýju stjórnskipulagi og nýrri stefnu Reykjanesbæjar. Allir þessir þættir höfðu áhrif á verklag og skipurit velferðarsviðs sem var einfaldað, verkefni straumlínulöguð og lögð áhersla á að mæta þjónustunotendum á einfaldan og aðgengilegan hátt með þarfir þeirra í huga og með áherslu á aukið notendasamráð. Öldungaráð Reykjanesbæjar tók til starfa á árinu, auk notendaráðs fatlaðra. Fulltrúar úr notendaráði fatlaðra eiga svo sæti í samráðshóp um málefni fatlaðra ásamt pólitískt kjörnum fulltrúum. Samráðshóparnir hafa aðkomu að stefnumótun og framþróun í þeirri þjónustu sem snýr að þeirra málaflökkum og koma þannig að því að byggja upp þjónustu og þróa hana til framtíðar. Félagsleg þjónusta skal í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður. Þannig verður best stuðlað að því að hver og einn geti nýtt styrkleika sína, sjálfum sér og samfélaginu til góðs. Það var að mörgu að hyggja enda margir stórir og mikilvægir málaflökkar sem tilheyra velferðarsviði.

Í málefnum íbúa sem eru utan vinnumarkaðar eða skóla, búa við fátækt, veikindi eða erfiðar félagslegar aðstæður er mikilvægt að byggja upp úrræði sem valdefla og styrkja íbúa til sjálfstæðis og sjálfshjálpar til lengri tíma. Mikilvægt er að skapa skilyrði til að sérhver einstaklingur geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum og fái til þess þá aðstoð sem metin er nauðsynleg. Mikil áhersla hefur verið lögð á grunnendurhæfingu í samstarfi við Björgina, geðræktarmiðstöð Suðurnesja, Fjölsmiðjuna og menntastofnanir á svæðinu eins og Fjölbrautarskóla Suðurnesja og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, en einnig starfsendurhæfingu í samstarfi við Virk og atvinnuleit í samstarfi við Vinnumálastofnun, allt til að efla möguleika þeirra sem eru utan vinnumarkaðar til atvinnuþátttöku. Með þeim sem ekki ná því markmiði er unnið að því að tryggja framfærslu þeirra í því félagslega kerfi sem þeir eiga rétt til. Framfærsla sveitarfélagsins er hugsuð sem skammtímaúrræði og þeir sem þurfa að lifa á þeim tekjum til lengri tíma búa við afar erfið kjör.

Húsnæðisstefnu Reykjanesbæjar er ætlað að stuðla að því að íbúar sveitarfélagsins hafi öruggt húsnæði hvort sem fólk þarfnast stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki. Stefnan nær þannig utan um húsnæðisþarfir allra íbúa, óháð stöðu, eignaformi, stærð og gæðum húsnæðis. Vaxandi hópur heimilislausra hefur verið verkefni fyrir velferðarsvið að takast á við sem og húsnæðisvandi þeirra sem glíma við fjölpættan vanda, s.s. þroskaskerðingu, geð og fíknivanda. Gerður hefur verið samningur við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar um afnot af Gistiskýlinu í Reykjavík og Konukoti til að mæta einstaklingum í brýnum vanda en biðlisti eftir litlum íbúðum í félagslega húsnæðiskerfi Reykjanesbæjar er langur. Velferðarráð Reykjanesbæjar skipaði á árinu starfshóp til að fara yfir húsnæðisstuðning sveitarfélagsins og mun sá hópur ljúka störfum á vormánuðum 2020.



Þjónusta tengd börnum og fjölskyldum var í brennidepli á árinu með áherslu á snemmtæka íhlutun og velferð barna. Velferðarsviðið í samvinnu við Fræðslusviðið hélt áfram að vinna að samstarfsverkefnum *Fjölskyldan í fyrirrúmi* sem hefur það að markmiði að auka þverfaglegt samstarf sviðanna í þjónustu og við börn og fjölskyldur og heldur það samstarf áfram á nýju ári.

Meðal nýjunga á þessu ári er ráðning sálfræðings í sérfræðingahóp velferðarsviðs til að styrkja enn frekar þjónustu við foreldra barna á aldrinum 0 – 12 ára, fræðslu og faglega leiðsögn. Tveir starfsmenn á sviðinu eru í námi í *PMTO- Parent management training- Oregon* aðferð, sannprófaðs meðferðarþrógramms ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika, nálgun nýst vel í þjónustu við barnafjölskyldur. Áherslan á velferð barna og góð reynsla velferðarsviðs af samstarfi við Lögregluna á Suðurnesjum var undirstaða þess að farið var af stað með nýtt forvarnarverkefni lögreglunnar og velferðarsviðs Reykjanesbæjar, *Ábyrg saman*. Þar er verklagi barnaverndar og lögreglu breytt og starfsmenn beggja aðila bjóða foreldrum og barni upp á ábyrgt samtal þegar fyrstu afskipti lögreglu verða af barni vegna áhættuhegðunar. Með þessu verklagi er lögð áhersla á að bregðast strax við vanda barns og sýna sameiginlega ábyrgð til að draga úr áhættuhegðun hjá barni. Samstarf velferðarsviðs og Lögreglunnar á Suðurnesjum í heimilisofbeldismálum hefur fest sig í sessi og er fastur liður í starfsemi velferðarsviðs.

Í málefnum fatlaðra hefur verið unnið að gerð reglna um notendastýrða persónulega aðstoð, *NPA* og tóku þær reglur gildi 31. desember 2019.

Starfsmenn í málefnum fatlaðra hafa nýtt þetta ár til undirbúa innleiðingu á nýjum starfsháttum í sértækum búsetuúrræðum og þjónustu við fatlaða. Um er að ræða hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar, *Gentle Teaching*, sem er oft lýst sem nærfærnisnálgun og snýr að því hvernig háttá eigi samskiptum milli þjónustunotenda og starfsfólks. Þau grundvallaratriði sem þjónandi leiðsögn byggir á er gagnkvæm tengsl, samfylgd og félagsskapur, skilyrðislaus umhyggja, virðing og viðurkenning. Einnig hefur verið unnið að fjölgun búsetuúrræða í málefnum fatlaðra á árinu í samstarfi við Brynju hússjóð ÖBÍ og stefnt að byggingu þess á lóð við Stapavelli í Njarðvík, Reykjanesbæ.

Í málefnum aldraðra var á árinu unnið að undirbúningu samnings við Heilbrigðisráðuneytið um byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Reykjanesbæ og verður væntanlega gengið frá undirritun samnings þess efnis í byrjun árs 2020. Samstarf velferðarsviðs og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja um samþættingu á þjónustu við aldraða fór af stað í október 2019 þrátt fyrir að vera enn í vinnslu, en samkomulag hafði þá þegar náðst um tilfærslu ákveðinna verkefna frá heimahjúkrun til félagslegrar heimaþjónustu. Stefnt er að undirritun formlegs samkomulags á nýju ár.

Þær skipulagsbreytingar á velferðarsviði sem ég nefndi í upphafi höfðu töluverð áhrif á starfsemi öldrunarþjónustunnar. Á þessu ári færðist skipulag, umsjón og rekstur stuðningsþjónustu eins og hún er skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga til Nesvalla og öldrunarþjónustan fékk frá áramótum nýtt heiti, stuðningsþjónusta. Stuðningsþjónusta er veitt þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar, auk þess sem aðstoð er veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð er veitt bæði innan og utan heimilis og grundvallast á heildstæðu mati á þörf fyrir þjónustu. Við þessar breytingar færðist frekari liðveisla og önnur stuðningsþjónusta til Nesvalla.

Fjölmenningarmál, málefni flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd er einn stóri málaflokkurinn sem velferðarsvið vinnur að. Fjölmenningarmálin og áherslan á að vinna að



einu samfélagi fyrir alla, með rúm 25% íbúa af erlendum uppruna, er verkefni sem unnið er þvert á svið sveitarfélagsins. Samstarf velferðarsviðs og fræðsluviðs, sem fer jafnframt með tómstunda- og íþróttamál er mikilvægt í að stuðla að samfélagi fyrir alla. Að taka vel á mótum börnum af erlendum uppruna hvar sem þau og foreldrar þeirra eru í samskiptum við sveitarfélagið er mikilvægur liður í góðri móttökuáætlun og eykur samstöðu og samkennd. Málafni flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd heyra líka undir velferðarsvið. Til að styrkja þekkingu starfsmanna á málafnum flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd fengum við Auði Ósk Guðmundsdóttur félagsráðgjafa og fjölskyldumeðferðarfræðing til að halda fyrir okkur vinnustofu um vinnu með fjölskyldum sem lent hafa í áföllum, einkenni flókinna áfalla og hvernig best er að nálgast það að vinna og styðja við einstaklinga og fjölskyldur við erfiðar aðstæður.

Í samræmi við áherslur í málefnasamningi Samfylkingar, Framsóknarflokks og Beinnar leiðar var ráðinn lýðheilsufræðingur á haustmánuðum sem vinnur í samráði við nýtt Lýðheilsuráð að því að efla heilsu íbúa á öllum aldri með forvörnum, heilsueflingu og snemmtækri íhlutun. Stefnan er sett á gerð lýðheilsustefnu fyrir Reykjanesbæ sem verður nýtt sem stefnumarkandi leiðarvísir í átt að bættri heilsu íbúa. Lýðheilsuáætlunin eru unnin þvert á svið sveitarfélagsins en einnig í samstarfi milli sveitarfélaga á Suðurnesjum í verkefninu *Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum*.

Eins og áður þá byggir starfsemi velferðarsviðs og þjónusta við bæjarbúa á mannauðnum sem sviðið hefur á að skipa hverju sinni, góðri samvinnu, skapandi starfsumhverfi og góðu samstarfi milli deilda/stofnana og kerfa. Mikil og hröð íbúafjölgun, fjárhagsstaða sveitarfélagsins og skortur á úrræðum til að mæta þörfum bæjarbúa hafa valdið auknu álagi í starfi og því miður hefur þetta mikla og langvarandi álag komið sterklega fram í starfsmannahópnum á þessu ári. Veikindadögum starfsmanna hefur fjölgað, við höfum misst starfsfólk í langtímaveikindi vegna kulnunar og álags og ekki gengið sem skyldi að ráða fagfólk til starfa. Velferðarþjónustuna þarf að viðurkenna sem eina af grunnstoðum samfélagsins og hlúa að innviðum hennar og mannauði með sama hætti og öðrum grunnstoðum sveitarfélagsins til að velferðarþjónustan geti staðið undir margþættum hlutverkum sínum í samfélagi fjölbreytileikans og fyrir allan aldur.

Vil ég þakka samstarfsfólki velferðarsviðs innan sveitarfélagsins sem utan fyrir þá góðu samvinnu og það þverfaglega samstarf sem við eigum saman í þágu bæjarbúa. Jafnframt vil ég þakka góðum samstarfsmönnum í framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, bæjarstjóra og kjörnum fulltrúum fyrir samstarfið á árinu. Áskoranir eru til að takast á við þær og verkefni til að leysa þau.

Í því felst samstarfið og samvinnan. Á hverju ári leggjum við af stað í nýja vegferð saman og gerum upp árið með samantekt í ársskýrslu sem þessari. Í köflunum hér á eftir er að finna nánari upplýsingar um verkefni hvernar deildar á velferðarsviðið Reykjanesbæjar á árinu 2019.

Virðingarfyllst

Hera Ósk Einarsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjanesbæjar



NEFNDIR OG RÁÐ

Barnaverndarnefnd

Halldór Rósmundur Guðjónsson
formaður(Y)
Davíð Brár Unnarsson(M)
Díana Hilmarsdóttir(B)
Sigurrós Antonsdóttir(S)
Puríður Berglind Ægisdóttir(D)

Varamenn

Anna Steinunn Jónasdóttir(D)
Valur Ármann Gunnarsson(S)
Margrét Þórarinsdóttir(M)
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir(B)
Kolbrún Jóna Pétursdóttir(Y)

Barnaverndarnefnd fundaði 10 sinnum á árinu.

Velferðarráð

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður(B)
Guðný Birna Guðmundsdóttir(S)
Hrafn Ásgeirsson(Y)
Jasmina Crnac(Á)
Jónína Sigríður Birgisdóttir(D)

Varamenn

Andrea Ásgrímsdóttir(B)
Anna Steinunn Jónasdóttir(D)
Elfa Hrunn Guttormsdóttir(S)
Lovísa N. Hafsteinsdóttir(Y)
Rósa Björk Ágústsdóttir(Á)

Velferðarráð fundaði 13 sinnum á árinu.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir(B)
Jasmina Crnac(Á)

Áfrýjunarnefnd fundaði 12 sinnum á árinu.

Lýðheilsuráð

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður(B)
Anna Sigríður Jóhannesdóttir(D)
Guðrún Pálsdóttir(Á)
Guðrún Ösp Theodórsdóttir(S)
Kristín Gyða Njálisdóttir (Y)

Varamenn

Hrafn Ásgeirsson(Y)
Birgitta Rún Birgisdóttir (D)

Lýðheilsuráð fundaði 3 sinnum á árinu.

Öldungaráð

Þórdís Elín Kristinsdóttir formaður (S)
Díana Hilmarsdóttir (B)
Rúnar V. Arnarson (D)
Eyjólfur Eysteinnsson (félag eldri borgara)

Hrafnhildur Gunnarsdóttir (félag eldri borgara)
Loftur H. Jónsson (félag eldri borgara)
Margrét Blöndal (Heilbrigðisstofnun Suðurnesja)

Öldungaráð fundaði 2 sinnum á árinu.



SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA

Þann 31. desember 2019 voru íbúar í Reykjanesbæ 19.415. Útgjöld til Velferðarsviðs námu kr. 1.720.409.907. sem svarar til kr. 88.612 á hvern íbúa sveitarfélagsins.

FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSPJÓNUSTAN	Rauntölur	1.720.409.907	
SKRIFSTOFA FFR		65.016.351	
NEFNDIR		11.091.649	
FÉLAGSMÁLARÁÐ			6.227.945
BARNAVERNDARNEFND			3.520.978
LÝÐHEILSURÁÐ			982.483
ÖLDUNGARRÁÐ REYKJANESBÆJAR			360.243
BARNAVERND		93.317.619	
VISTUN - FÓSTUR		62.602.253	
TILSJÓN		8.651.839	
FJÁRHAGSAÐSTOÐ		156.926.096	
HÚSALEIGUBÆTUR		27.877.539	
HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR		8.453.709	
ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA		201.458.443	
DAGVISTUN Í HEIMAHÚSUM			
NESVELLIR - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ			86.031.738
DAGDVÖL ALDRAÐRA			-18.313.872
MÖTUNEYTI ALDRAÐRA			5.835.431
FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA			14.756.693
JANUSARVERKEFNIÐ			17.241.877
HEIMAPJÓNUSTA			95.906.576
DVALARHEIMILI ALDRAÐRA*			0
ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐA		1.077.616.456	
FERLIMÁL FATLAÐRA - FERÐAÞJÓNUSTA			52.945.710
SAMEIGINLEGIR LIÐIR - MÁLEFNI FATLAÐRA			32.364.997
ATHVARF GEÐFATLAÐRA - BJÖRGIN			28.076.871
ASPARDALUR			82.127.168
EINIDALUR			105.992.967
ÞJÓN- OG LIÐVEISLUSAMNINGAR			261.289.751
LIÐVEISLA			32.739.241
ÞJÓNUSTUKJARNI SUÐURGATA			147.658.753
LYNGMÓI			90.482.311
SELJUDALUR-ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR			110.320.586
SUMARDAGVIST - ÖSPIN			13.346.488
HÆFINGASTÖÐ - KEILISBRAUT 775			66.557.733
SKAMMTÍMAVISTUN			53.713.880
VERKTÖKUPJÓNUSTA		-15.787.057	
FJÖLMENNING		16.099.666	
STYRKIR		4.924.344	
ORLOFSSJÓÐUR HÚSMÆÐRA		2.161.000	

Velferðarsvið var rekið innan þess fjárhagsramma sem því var veittur fyrir árið 2019 samtals kr. 1.720.409.907 og var rekstrarafgangur í árslok kr. 97.810.093. Nýtingin 95%.



BARNAVERND



Starfsmenn

Forstöðumaður: María Gunnarsdóttir


Félagsráðgjafar:
Sandra Jónsdóttir
Jóhanna María Ævarsdóttir
Helga Rósa Atladóttir
Lovísa María Emilsdóttir

Ráðgjafar:
Kolbrún N. Þorgilsdóttir
Laufey Bjarnadóttir
Henný Úlfarsdóttir
Þórður Þór Sigurjónsson

Í barnavernd eru 6 stöðugildi. Á árinu hættu tveir starfsmenn, einn starfsmaður fór í langtíma veikindaleyfi og einn starfsmaður fór tímabundið í annað starf innan velferðarsviðs. Á árinu voru ráðnir þrjú starfsmenn í tímabundið starf og einn í fastráðningu.

Barnavernd Reykjanesbæjar leggur áherslu á að veita barnvæna þjónustu og að unnið sé í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Í því fellst meðal annars að aðstoða börn við að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska, stuðla að því að börn alist upp í friði, öryggi og við góðar uppeldisaðstæður og njóti verndar gegn ofbeldi og/eða vanrækslu. Barnavernd Reykjanesbæjar veitir börnum og foreldrum þeirra stuðning í samræmi við þarfi þeirra hverju sinni ásamt því að vinna þverfaglega innan og milli sviði Reykjanesbæjar svo þjónustan við börn og foreldra verði sem best.

Barnaverndartilkynningar



Mynd 1. Barnaverndartilkynningar

Árið 2019 fjölgaði barnaverndartilkynningum úr 478 á árinu 2018 í 674. Að sama skapi fjölgaði þeim börnum sem tilkynnt var um úr 324 árið 2018 í 382. Árið 2019 var heildarfjöldi stúlkna sem tilkynnt var um 178 og 204 drengir. Auk þess bárust þrjár tilkynningar vegna þriggja þungaðra kvenna og ákveðið var að hefja könnun máls hjá einni stúlku og tveim drengjum á grundvelli annarra upplýsinga en tilkynninga. Heildarfjöldi barna og þungaðra kvenna, þar sem ákveðið var að hefja könnun máls var fækkun á árinu 2019 úr 296 árið 2018 í 290. Aftur á móti var fjölgun, nýrra mála sem voru könnuð á árinu, úr 209 árið 2018 í 226. Heildarfjöldi barna og þungaðra kvenna þar sem ákveðið var að hefja ekki könnun vegna tilkynninga var tölulærð



fjölgun á árinu úr 51 2018 í 98 og þar af voru 67 tilkynningar frá lögreglu frá árinu 2019 en 39 á árinu 2018.

Tilkynnendur


Á árinu bárust 674 tilkynningar frá mismunandi aðilum. Á árinu var töluverð fjölgun tilkynninga frá skólum, heilsugæslu/sjúkrahúsum og lögreglu. Fækkun tilkynning var frá foreldrum og leikskólum

Tafla 1. Tilkynnendur

Tilkynnendur	2017	2018	2019
Barnið	11	3	5
Foreldrar	58	53	41
Ættingjar	62	36	31
Nágrannar	17	19	26
Önnur barnaverndarnefnd	11	0	6
Félagsþjónusta	11	7	6
Skóli	46	54	96
Leikskóli	13	9	5
Heilsugæsla/Sjúkrahús	50	46	82
Lögregla	200	171	280
Aðrir	119	80	96
	598	478	674

Helstu ástæður tilkynninga

Helstu ástæður tilkynninga á árinu 2019 eru vanræksla varðandi umsjón og eftirlit og tilfinningaleg vanræksla gagnvart börnum, tilfinningalegt ofbeldi gegn börnum og áhættuhegðun er varðar neyslu barna. Á mynd 2-5 má sjá ástæður barnaverndartilkynninga og samanburð milli ára.




Mynd 2. Ástæður tilkynninga-vanræksla

Tilkynningum vegna vanrækslu hefur fjölgaði á árinu 2019 en alls bárust 291 tilkynningar en árið 2018 voru þær 213. Tilkynningar vegna vanrækslu á umsjón og eftirliti voru 236 á árinu 2019 og þar af voru 135 tilkynningar vegna áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu foreldra. Fjölgun var á tilkynningum varðandi vanrækslu nám barna úr 16 í 36 ár árinu 2019 og sama með tilkynningum um tilfinningalega vanrækslu út 53 í 69 ár árinu 2019.




Mynd 3. Ástæða tilkynninga-ofbeldi

Tilkynningum vegna ofbeldis á árinu 2019 voru 165 sem er töluverð fjölgun á milli ára, árið 2018 voru þær 114. Tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis voru 112 á árinu 2019 og þar af voru 56 tilkynningar vegna heimilisofbeldis sem er fjölgun á milli ára en árið 2018 voru þær 35.



Mynd 4. Ástæða tilkynninga-áhættuhegðun barna

Tilkynningar vegna áhættuhegðunar barna á árinu 2019 voru 215 sem er töluverð fjölgun á milli ára, árinu 2018 voru þær 145. Á árinu 2019 varð fjölgun tilkynninga vegna afbrot barns, barn beitir ofbeldi og skólasókn áfátt hjá barni.




Mynd 5. Ástæða tilkynninga-heilsa eða líf ófæddis barns í hættu

Á árinu 2019 bárust 3 tilkynningar vegna gruns um að móðir stefni heilsu og lífi ófæddis barns í hættu sem er aðeins færri en síðustu ár.

Barnaverndarmál

Barnaverndarnefnd og starfsmenn hennar hafa velferð barna ávallt í fyrirrúmi og leggja áherslu á að veita þjónustu eftir þörfum barnanna og fjölskyldna þeirra í þeirra nærumhverfi. Starfsmenn barnaverndar telja mikilvægt að vinna málin í góðri samvinnu við foreldra og börn með því að leggja sig fram í að efla þátttöku barna að sínu eigin barnaverndarmáli í samræmi við þroska þeirra og aldur. Starfsmenn leggja áherslu á þverfaglega teymisvinnu með því vera

Í góðu samstarfi við þær stofnanir sem koma að málefnum barnanna til að hægt sé að mæta betur þörfum fjölskyldunnar.



Mynd 6. Fjöldi barnaverndarmála

Árinu 2019 var örlítil fjölgun á heildarfjölda barnaverndarmála en töluverð fjölgun á nýjum barnaverndarmálum á árinu 2019, úr 217 árið 2018 í 243.

Á árinu 2019 voru tvö börn vistuð tímabundið skv. 84. gr. bvl. eitt hjá óskyldum og eitt hjá ættingjum. Þrjú börn voru vistuð í neyðarvistun á Stuðlum og eitt barn í greiningar og meðferð á Stuðlum. Níu börn voru vistuð á neyðarheimili sem rekin eru sameiginlega á vegum barnaverndar Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Voga. Grípa þurfti til neyðarráðstöfunar skv. 31. gr. bvl. í málum fimm barna, hjá fjórum málum náðist ekki samkomulag við foreldra en í einu máli samþykkti barn 15 og eldra ekki að fara á neyðarvistun á Stuðlum. Í málum fimm barna óskuðu starfsmenn barnaverndar eftir lögreglurannsókn á meintu refsiverðu broti gegn barni.

Í lok árs 2019 var málum 210 barna/þungaðra kvenna lokið en mál 154 barna/þungaðra kvenna voru enn í vinnslu. Málum 10 barna var vísað til annarra barnaverndarnefnd.

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar

Starfsmenn barnaverndarnefndar fara með einstök barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar eftir ákveðnum reglum sem barnaverndarnefnd setur sér. Þau mál sem skylt er að fari fyrir barnaverndarnefnd eru mál sem taka þarf afstöðu til hvort að úrskurða eigi um ákveðin úrræði skv. 26. gr. eða vistun utan heimilis skv. 27., 28. og 29. gr. barnaverndarlaga. Það sama er þegar taka þarf ákvörðun um hvort krefjast eigi brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbann skv. 37. gr. barnaverndarlaga og þegar grípa þarf til neyðarráðstöfunar skv. 31. gr. sömu laga. Einnig geta starfsmenn barnaverndar alltaf ákveðið að leggja mál fyrir barnaverndarnefnd.

Alls voru mál 20 barna lögð fyrir barnaverndarnefnd á árinu 2019 þar af mál ellefu stúlkna og níu drengja. Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar úrskurðaði á árinu um þvingunarúrræði án töku barns af heimilinu skv. 26. gr. bvl.


Á árinu fengu fimm fjölskyldur stuðningsfjölskylduleyfi á vegum barnaverndarnefndar.

Fósturmál

Allir starfsmenn koma að fósturmálum en einn starfsmaður heldur utan um fósturmálin sem eru varanleg til 18 ára aldurs. Starfsmenn barnaverndar eru með reglulegt eftirlit með börnunum í fóstri með því að vera í samskiptum við fósturforeldra, börnin, foreldra þeirra og ættingja. Á árinu voru 17 börn heimsótt á fósturheimili. Starfsmenn eru einnig í samskiptum við stofnanir sem tengjast börnunum eins og skóla, leikskóla og BUGL. Starfsmenn halda líka utan um umgengni barna við foreldra sína á meðan þau eru í fóstri, en samkvæmt barnaverndarlögum þá eiga börn rétt á að umgangast foreldra sína á meðan þau eru í fóstri



nema það sé bersýnilega andstætt hagsmunum og þörfum barns. Á árinu var gerður verktakasamningur við einstakling til að sinna umgengni undir eftirlit.



Mynd 7. Fjöldi fósturmála

Í lok ársins 2019 voru 23 börn í fóstri á vegum barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar, þar af 17 í varanlegu fóstri og sex í tímabundnu fóstri. Á árinu 2019 fóru fimm börn í tímabundið fóstur, eitt barn í styrkt fóstur og hjá einu barni breyttist tímabundið fóstur í varanlegt.

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar úrskurðaði um umgengni vegna fjögurra barna sem voru í fóstri á árinu 2019 þar sem ekki náðist samkomulag um umgengni.

Umsagnarmál

Umsagnarbeiðni berast frá sýslumönnum og Barnaverndarstofu og eru lagðar fyrir barnaverndarnefnd þegar starfsmenn barnaverndar hafa metið hæfni umsækjenda. Ein umsögn barst frá sýslumanninum vegna umsagnar í ættleiðingamálum og ein beiðni um að meta heimilisaðstæður og foreldrahæfni. Sex umsóknir bárust á árinu 2019 vegna einstaklinga sem vilja gerast fósturforeldrar og barnaverndarnefnd mat umsækjendur hæfa til að gerast fósturforeldrar í fimm málum.

Stuðningsúrræði barnaverndar

Barnavernd Reykjanesbæjar veitir stuðningsúrræði samkvæmt barnaverndarlögum ásamt því að reyna eftir bestu getu að aðlaga stuðningsúrræði að þörfum fjölskyldna hverju sinni. Starfsmenn barnaverndar telja mikilvægt að vinna í teymisvinnu, sérstaklega í þeim málum þar sem vandi fjölskyldna og/eða barns er fjölbættur. Með þessu móti er betur hægt að kortleggja vandann og nýta stuðningsúrræði frá mismunandi sviðum innan Reykjanesbæjar og stofnunum.

Persónulegur ráðgjafi veitir barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega, siðferðislega og tilfinningalega. Að jafnaði eru veittir 8 tímar á mánuði.

Árið 2019 fékk eitt barn persónulegan ráðgjafa og í lok árs voru tvær umsókn eftir persónulegum ráðgjafa á bið.

Stuðningsfjölskyldur er úrræði þar sem börn fara alla jafna í eina helgi í mánuði. Á árinu voru 4 stuðningsfjölskyldur starfandi fyrir barnavernd Reykjanesbæjar og 8 börn fóru til stuðningsfjölskyldu.

Sálfræðiviðtöl fyrir börn - Innan barnaverndar hefur verið mikil þörf á sálfræðiviðtölum fyrir börn og ráðinn var inn sálfræðingur á Velferðarsviðinu til að mæta aukinni þörf. Á árinu var samþykkt sálfræðiviðtöl fyrir 41 börn á vegum barnaverndar, 12 af þeim fóru í viðtöl til sálfræðings Velferðarsviðs en öðrum var vísað á einkastofu. Fjölskyldudeildin vísaði 4 börnum í viðtöl til sálfræðings Velferðarsviðs. Einnig var samþykkt sálfræðiviðtöl fyrir 6 fósturbörn.




Trappan – Tröppuviðtöl eru fyrir börn sem hafa upplifað heimilisofbeldi. Börn sem búa við heimilisofbeldi þróa oft með sér ákveðin einkenni eins og depurð, lágt sjálfsmat, verkkvíða, skerta félagsfærni, samskiptavanda og margvíslegan tilfinninga- og hegðunarvanda. Það er því mikilvægt að mæta þeim börnum sem búa við heimilisofbeldi og veita þeim viðeigandi meðferð svo þau geti unnið úr reynslu sinni. Eitt barn fór í Tröppuviðtöl á árinu 2019.

Verkefni innan barnaverndar

Ábyrg Saman


Forvarnarverkefnið Ábyrg saman hófst 1. september 2019 en um er að ræða eins árs samstarfssamningur á milli Velferðarsviðs Reykjanesbæjar og Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögð er áhersla á að efla forvarnir og beita snemmtækri nálgun til að mæta áhættuhegðun hjá börnum. Barnavernd býður foreldrum og börnum upp á ábyrgt samtal með forvarnarfulltrúa frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum í þeim málum sem barnavernd ákveður að hefja ekki könnun máls. Markmið með viðtalinu er að gera foreldrum og börnum grein fyrir barnaverndartilkynningunni frá lögreglu, veita foreldrum og barni tækifæri til að eiga samtal um tilkynninguna, veita fræðslu og upplýsingar um úrræði sem þeim stendur til boða og draga úr áhættuhegðun hjá barni. Á árinu 2019 var heildarfjöldi barna 25 í Ábyrg saman og fjórar fjölskyldur af 25 þáðu viðtal. Á mynd 9 má sjá skiptingu á áhættuhegðun barna sem fóru í Ábyrg saman en flest börn stunduðu afbrot.



Mynd 8. Fjöldi mála í Ábyrg saman 2019

Álagsmæling starfsmanna barnaverndar


Á árinu 2019 hefur verið framkvæmd álagsmæling hjá starfsmönnum barnaverndar á þriggja mánaða fresti með því að nota mælitæki frá Barnaverndarstofu. Þetta verklag gefur góða mynd af vinnuálagi starfsmanna og yfirsýn yfir þau verkefni sem starfsmaðurinn er að vinna að hverju sinni. Við mælingu er mældur fjöldi mála, hvar þau eru stödd í verkferlinu og gefin ákveðin stig út frá því. Álagsmælingin gefur góða yfirsýn yfir málastöðu og einnig er hægt að nota hana til að jafna stöðu milli starfsmanna. Viðmiðunarstig taka mið af starfstíma/reynslu starfsmanns í barnavernd og eru því mismunandi milli starfsmanna. Starfsmenn mældust töluvert yfir þeim viðmunarmörkum, sem Barnaverndarstofa gefur út.




Mynd 9. Álagsmæling starfsmanna barnaverndar 2019

Bakvaktir

Starfsmenn eru á bakvakt eina viku í einu á níu vikna fresti og sinna barnaverndar-, hælisleitenda- og heimilisofbeldismálum.



Mynd 10. Símtöl á bakvakt



Mynd 11. Útköll á bakvakt

Á mynd 11 og 12 má sjá fjölda símtala og útkalla frá árunum 2017-2019. Á árinu 2019 fjölgaði símtölum ef miðað er við árið 2018 en fækkun var á útköllum á milli ára. Varðandi heimilisofbeldismálin þar var aðeins eitt símtal og eitt útkall vegna heimilisofbeldismál þar sem ekki var barn skráð á heimili. Þar sem börn eru skráð á heimili þá eru þau símtöl og útköll einnig skráð í fjölda símtala og útkalla barnaverndar.



FJÖLSKYLDUMÁL



Starfsmenn

Forstöðumaður: Sigríður Daníelsdóttir

Félagsráðgjafar:

Bjarney Rós Guðmundsdóttir

Arndís Hálfánardóttir

Freydís Aðalsteinsdóttir

Sæunn Hafdís Oddsdóttir

Inga Dóra Jónsdóttir

Ráðgjafar:

Vilborg Pétursdóttir

Tinna Kristjánsdóttir þroskaþjálfari

Sálfræðingur:

Elín Guðmundsdóttir

Einn starfsmaður var í langtímaveikindaleyfi meiri hluta ársins og annar fór í veikindaleyfi í nóvember. Einn starfsmaður hætti störfum um mitt ár og einn nýr starfsmaður bættist í hópinn. Í lok október kom starfsmaður til baka úr fæðingarorlofi.

Helstu verkefni

Sérfræðingar fjölskyldumála sinna fjölþættri félagslegri ráðgjöf og stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur ásamt því að taka á móti umsóknum og veita þjónustu í samræmi við þarfir hverju sinni. Umfang mála og eðli eru fjölbreytt og margvísleg. Má þar nefna fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, þjónustu við fatlað fólk, þjónustu við flóttamenn, nauðungavistanir o.fl. Starfsmenn fjölskyldumála hafa umsjón með og sjá um framkvæmd á þjónustu eins og liðveislu, stuðningsfjölskyldur, ráðgjöf og stuðning á heimilum. Ennfremur er forstöðumönnum starfstöðva, er falla undir deildina, veittur stuðningur hvað varðar faglegt starf, starfsmannahald og launaumsýsla. Undir fjölskyldudeildina fellur sértæk þjónusta eins og starfssemi á heimilum fatlaðs fólks þar sem veitt er sólarhrings þjónusta, Hæfingarstöðin og Björgin geðræktarmiðstöð á Suðurnesjum.

Sérfræðingar fjölskyldumála vinna í anda barnvænnar félagsþjónustu og gefa fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna sérstakan gaum í starfi sínu. Í því felst að gæta hagsmuna og velferðar barna svo þau geti notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða. Áhersla er lögð á að nýta sérþekkingu og reynslu starfsmanna á mismunandi þjónustuþáttum eins vel og mögulegt er og mæta þannig ólíkum þörfum notenda betur.

Á árinu 2018 voru haldnir 50 fundir í fjölskyldumálum þar sem skráð voru 1127 ný mál og umsóknir, sem er um það bil 90 ný mál í mánuði.

Félagsleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf, þar sem veittar eru upplýsingar, leiðsögn og ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna sem leita til velferðarsviðs Reykjanesbæjar er umfangsmikill liður í starfsemi fjölskyldumála auk þess að taka á móti og vinna úr umsóknum. Markmið félagslegrar ráðgjafar er að veita notendum upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Starfsmenn fjölskyldumála



aðstoða jafnframt einstaklinga varðandi endurhæfingu og virkniúrræði. Einstaklingar fara í endurhæfingu af ýmsum ástæðum svo sem vegna fíknivanda, annars heilsubreysts eða vegna afleiðinga slysa.

Einstaklingar og fjölskyldur eiga kost á að koma í viðtöl til starfsmanna fjölskyldumála í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, en einnig fer ráðgjöf fram í gegnum síma, á heimilum fólks og á teymisfundum. Starfsmenn sitja reglulega samráðsfundi með VIRK – starfsendurhæfingarsjóði, Vinnumálastofnun og fleiri aðilum allt eftir eðli mála. Mikilvægt er að hafa heildasýn yfir aðstæður einstaklinga og fjölskyldna til að geta metið og veitt þjónustu í samræmi við þarfir.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar setur. Samkvæmt gildandi reglum eiga þeir einir rétt á fjárhagsaðstoð sem eru með lögheimili í Reykjanesbæ og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum.

Tafla 2. Þróun fjárhagsaðstoðar 20014-2019

Ár	Fjöldi íbúa 18 ára+ (1.jan)	Heildarfjöldi einstaklinga pr. ár	Hlutfall á fjárhagsaðstoð %
2014	10673	450	4,22
2015	10991	330	3
2016	11340	250	2,2
2017	12311	201	1,63
2018	13584	200	1,47
2019	14606	223	1,53

Á töflu 2 má sjá þróun á fjölda einstaklinga/fjölskyldna sem fengu greiddan framfærslustyrk síðastliðin ár og einnig samanburð á hlutfalli íbúa, 18 ára á eldri, á fjárhagsaðstoð. Hlutfall íbúa á fjárhagsaðstoð hækkaði aðeins á milli ára 2018 til 2019..


Fjárhagsaðstoð á árinu 2019 var allt að kr. 149.678 á mánuði til einstaklinga og einstæðra foreldra og kr. 239.484 til hjóna eða sambúðarfólks. Á árinu 2019 voru 223 einstaklingar/fjölskyldur sem fengu fjárhagsaðstoð í formi framfærslustyrks sem eru fleiri en á árinu 2018 Einstaklingum og fjölskyldum hefur því fjölgað sem þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins sér til framfærslu. Fjárhagsaðstoð er óháð barnafjölda þar sem tekjur vegna barna þ.e. meðlög, barnalífeyrir, mæðra/feðralaun og barnabótum er ætlað að mæta kostnaði vegna þeirra. Hins vegar er heimild í reglum til að veita tekjulágum foreldrum sérstaka fjárhagsaðstoð vegna barna á þeirra framfæri. Á árinu 2019 var aðstoð til tekjulágra foreldra kr. 17.181 eða sem samsvarar hálfu meðlagi.

Birtan – Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf

Birtan er úrræði fyrir barnavernd og fjölskyldudeild sem stofnað var í maí 2019. Úræðið kemur inn fyrir tilsjón þar sem markmiðið er að aðstoða foreldra og styrkja þá við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum sem best eins og lög gera ráð fyrir. Ráðinn var fagaðili til að halda utan um og sinna uppeldislegri ráðgjöf til foreldra. Í Birtunni er boðið upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf þar sem þjónustan er aðlöguð að hverri fjölskyldu fyrir sig og er metin með foreldrum hvort þjónustan fari framá heimili eða á skrifstofu. Notast er við gagnreyndar uppeldisaðferðir eins og PMTO og Skref fyrir skref. PMTO (Parent Management Training-Oregan) er ætlað foreldrum barna á leik- og grunnskóla aldri með aðlögunarvanda og/eða hegðunarvanda. Skref

fyrir skref, foreldrafærni er sérstakt úrræði til að vinna með seinfærum foreldrum barna á aldrinum 0-3 ára.

Sérfræðingur Birtunnar og sérfræðingur í barnavernd hafa verið í PMTO námi hjá endurmenntun Háskóla Íslands á árinu og munu útskrifast sumarið 2020.




Mynd 12. Fjöldi fjölskyldna í uppeldislegrí ráðgjöf á árinu 2019

Á árinu 2019 var 27 fjölskyldum vísað í uppeldislega ráðgjöf, níu fjölskyldur fengu einstaklingsmiðuð uppeldisráðgjöf hjá sérfræðingi Birtunnar, níu fjölskyldur fór í ráðgjöf til sálfræðings VEL, þrjár fjölskyldur í Skref fyrir skref og sex í PMTO. Við lok árs var málum sex fjölskyldna sem fengu einstaklingsmiðuð ráðgjöf hjá sérfræðingi Birtunnar lokið, öllum málum hjá sálfræðingi VEL voru lokuð á árinu, 2 fjölskyldur í PMTO luku ekki fullri meðferð, 1 fjölskylda lauk fullri meðferð og 3 fjölskyldur voru enn í PMTO meðferð (ein æfingar fjölskylda og tvær prófa fjölskyldur).

Sálfræðipjónusta fyrir börn - Á árinu var ráðinn sálfræðingur á velferðarsviði og voru 12 börnum frá barnavernd og 4 frá fjölskyldudeild vísað í viðtöl til sálfræðings.

Félagsleg liðveisla - Fólk á aldrinum 6 til 66 ára, sem glímur við fötlun eða aðrar raskanir, getur átt kost á félagslegri liðveislu. Markmiðið er að veita persónulegan stuðning og aðstoð ásamt því að stuðla að aukinni félagsfærni og rjúfa félagslega einangrun. Samkvæmt reglum getur einstaklingur fengið 8 klst. á mánuði í liðveislu. Árið 2019 fengu 81 einstaklingar, 47 karlar og 34 konur, liðveislu í samtals 5138 klst.



Mynd 13. Fjöldi einstaklinga með félagslega liðveislu árin 2014-2019

Frekari liðveisla – Í frekari liðveislu felst að fötluðu fólki er veitt þjónusta á heimilum sínum. Þjónustan felur í sér margháttaðan stuðning við athafnir daglegs lífs eftir þörfum hvers og eins.




Einstaklingar fá mismikinn og breytilegan stuðning, sumir daglega, aðrir nokkrum sinnum í viku eða sjaldnar. Á árinu 2019 fækkuðu einstaklingum úr 18 á árinu 2018 í 13 einstaklingar sem fengu frekari liðveislu, 6 konur og 7 karlar í samtals 3.359 klst.

Skjólíð, eftirskólaúrræði Fjölskyldudeild í samstarfi við fræðslusvið kemur að starfrækslu eftirskólaúrræðis fyrir börn með þroskafrávik sem þurfa á stuðningi að halda að skóladegi loknum. Skjólíð er staðsett í 88 húsinu að Hafnargötu 88. Á árinu 2019 nýttu alls 9 börn og ungmenni úrræðið, 3 starfsmenn starfa í Skjólínu í samtals 1,5 stöðugildi.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er ætluð fötluðu fólki sem ekki getur nýtt sér almenningssamgöngur sveitarfélagsins. Sækja þarf sérstaklega um ferðapjónustuna sem er samþykkt til ákveðins tíma í senn. Á árinu 2019 nýttu 50 fatlaðir einstaklingar ferðapjónustu og var ferðafjöldi alls 13.507. Aldraðir einstaklingar geta einnig sótt um ferðapjónustu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en sú þjónusta er ekki lögbundin. Á árinu 2019 nýttu 6 aldraðir einstaklingar ferðapjónustu, ferðafjöldi var alls 191. Grunnskólabörn með fötlun fá í sérstökum tilvikum akstur til og frá skóla. Á árinu 2019 fengu 54 börn slíka þjónustu og fjöldi ferða var alls 10.196.




Mynd 14. Fjöldi ferða með ferðapjónustu fatlaðs fólks

Sértæk þjónusta við fatlað fólk

Fatlað fólk nýtur allrar almennar þjónustu sem Reykjanesbær veitir. Einnig er veitt ýmis sértæk þjónusta í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Lögin miða að því að einstaklingar fái nauðsynlegan stuðning til þess að þeir geti notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og þeir geti búið við sem mest lífsgæði.


Búsetuþjónusta – Í Reykjanesbæ eru rekin fimm sértæk búsetuúrræði fyrir fatlað fólk þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Á þessum heimilum búa alls 22 einstaklingar, 11 konur og 11 karlar. Á árinu voru 66 starfsmenn í búsetuþjónustu í um 45,45 stöðugildum auk starfsmanna í tímavinnu. Forstöðumenn búsetukjarna eru; Þorkatla Sigurðardóttir, Ólafur Garðar Rósinkarsson, Kristín Ósk Bergsdóttir, Sæunn Guðrún Guðjónsdóttir og Júlía Guðrún Björnsdóttir.

Stuðningsfjölskyldur – Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma. Tilgangurinn er að létta álagi af fjölskyldu barnsins og veita því tilbreytingu. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið í umsjón sinni að jafnaði tvo sólarhringa í mánuði sem er samningsbundið til ákveðins tíma. Árið 2019 voru í gildi 43 stuðningsfjölskyldusamningar og nýttir sólarhringar voru 854.



Mynd 15. Stuðningsfjölskyldur, nýttir sólarhringar árin 2015-2019

Skammtíamavistun – Fötluð börn og ungmenni eiga kost á skammtíamadvöl utan heimilis með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum og veita þeim sjálfum tilbreytingu. Þjónustan stuðlar að því að börnin/ungmennin geti búið sem lengst í foreldrahúsum. Algengast er að lengd dvalartíma sé tveir til fjórir sólarhringar í mánuði en dvalartími er þó breytilegur eftir fötlun og aðstæðum hverju sinni. Skammtíamavistun fyrir Suðurnesin er staðsett að Heiðarholti 14 - 16 í Garði og undir stjórn félagsþjónustu Suðurnesjabæjar og Voga. Á árinu 2019 voru 26 einstaklingar úr Reykjanesbæ í skammtíamavistun, 4 stúlkur og 22 drengur.



Mynd 16. Fjöldi einstaklinga úr Reykjanesbæ í skammtíamavistun frá 2015-2019

Sumardagvistun – Sérfræðingar fjölskyldumála hafa umsjón með sumardagvistun fyrir fatlaða grunnskólanemendur í Reykjanesbæ. Starfsemin fer fram í Öspinni við Njarðvíkurskóla. Á árinu 2019 var þjónusta veitt á tímabilinu 11. júní – 14. ágúst. Alls nýttu 30 börn þjónustuna og var hámarksvistunartími hvers barns sex vikur. Starfsmenn voru 9.


Hæfingarstöð – Hæfingarstöðin Reykjanesbæ veitir hæfingartengda dagþjónustu fyrir fatlað fólk á Suðurnesjum og stuðlar að því að auka hæfni þjónustunotenda til starfa og þátttöku í daglegu lífi til jafns við aðra samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018). Hæfingarstöðin býður upp á þjónustu sem tekur mið af þörfum þjónustunotenda með áherslu á að efla sjálfstæði og að styrkja atvinnutengda og félagslega færni.

Árið 2019 var áhersla lögð á frekari tengsl við atvinnulífið m.a. með starfsþjálfun þjónustunotenda í samvinnu við mismunandi stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu. Einnig voru unnin vinnutengd verkefni í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Suðurnesjum auk þess sem prentsmiðja Hæfingarstöðvarinnar eða Hæfó prentsmiðja hélt áfram störfum.

Í lok ársins 2019 voru 33 þjónustunotendur á Hæfingarstöðinni og þjónustustundir á viku eru að meðaltali 817 og heildarstundir á árinu voru 38.747 talsins sem er aukning upp á 21% frá fyrra ári. Starfsfólk Hæfingarstöðvarinnar voru 11 í 8,8 stöðugildum. Forstöðuþroskapjálfi er Jón Kristinn Pétursson.

Björgin, geðræktarmiðstöð á Suðurnesjum – Björgin hóf starfsemi sína þann 4. febrúar 2005 og er endurhæfingarúrræði og athvarf fyrir fólk sem glímir við geðheilsuvanda. Fjöldi þeirra sem leita ráðgjafar og sækja þjónustu í Björgina hefur verið stigvaxandi á milli ára. Björgin er bæði endurhæfingarúrræði sem býður upp á einstaklingsmiðaða endurhæfingu og athvarf fyrir fólk sem kemur á eigin forsendum. Starfsemin miðar að því að hjálpa einstaklingnum til sjálfshjálpar. Einnig er boðið uppá ráðgjöf, eftirfylgd og námskeið.

Hlutfall karla og kvenna sem nýta sér Björgina er nokkuð jafnt, konur hafa verið örlítið fleiri eða 52% konur á móti 48% körlum en árið 2019 jafnaðist það alveg út og var 50% konur og 50% karlar.




Mynd 17. Fjöldi heimsókna árin 2018-2019

Hér má sjá samanburð á heimsóknum í Björgina árin 2018 og 2019 og meðalfjölda heimsókna á mánuði. Fjöldi heimsókna á árinu 2018 var 8502 og fjöldi heimsókna á árinu 2019 var 7633. Talið er á þann hátt að einstaklingar skrá sig í gestabók í hvert skipti sem þeir koma í Björgina, ef einstaklingur kemur mánudag til föstudags þá eru það fimm skipti á viku.

Lokað var í Björginni í tvær vikur yfir sumartímann 2018 en félagi í Björginni mætti í Hvamm og var opið þar en árið 2019 var alveg lokað. Það skýrir að einhverju leyti mun á fjölda heimsókna milli ára. Einstaklingar eru einnig misduglegir að skrá sig í gestabókina en starfsmenn reyna að fylgja því eftir.

Á árinu 2019 var endurnýjaður samningur við Vinnumálastofnun (VMST) um þjónustusamning um starfsendurhæfingu út árið. Á árinu 2019 voru 34 einstaklingar í endurhæfingu yfir árið en 43 einstaklingar árið 2018. Af þeim 34 einstaklingum sem voru í endurhæfingu árið 2019 voru 18 konur og 16 karlar. Á mynd 18 má sjá hvaðan tilvísanir í Björgina bárust.



Mynd 18. Fjöldi einstaklinga í endurhæfingu á árinu 2019.




Björgin stóð fyrir fræðslu og fyrirlestrum sem fengu góðar undirtektir. Haldin voru nokkur námskeið í leirgerð sem slógu í gegn hjá félögum. Haldið var 6 vikna HAM-námskeið við lágu sjálfsmati að hausti.

Það hafa verið töluverðar mannbreytingar í Björginni á árinu 2019 vegna veikinda og fæðingarorlofs starfsmanna. Stöðugildi í Björginni eru 4.3 og Díana Hilmarsdóttir er forstöðumaður Bjargarinnar.

Húsnæðisstuðningur


Félagslegar leiguíbúðir - er úrræði til að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. Félagsslegar leiguíbúðir eru hugsaðar sem tímabundið úrræði fyrir einstaklinga í húsnæðiserfiðleikum. Áhersla er lögð á að þjónusta við einstaklinga með fötlun verði samfelld annarri félagslegri þjónustu sem og þeim félagslegu búsetuúrræðum sem eru til staðar í sveitarfélaginu.

Úthlutunarhópur velferðarsviðs metur umsóknir um félagsslegar leiguíbúðir á afgreiðslufundi. Úthlutunarhópurinn tekur ákvörðun um úthlutun í umboði velferðarráðs og úthlutun tekur mið af því húsnæði sem er í boði hverju sinni, þörfum umsækjanda, aldri umsækjanda og niðurstöðu mats hjá umsækjanda.



Mynd 19. Fjöldi umsókna og fjöldi félagslegra íbúða

Í lok árs 2019 átti Reykjanesbær 237 félagslegar íbúðir. Þar af eru 173 almennar félagslegar íbúðir, 64 félagslegar leiguíbúðir aldraðra. Þar af eru 19 íbúðir með 15% hlutdeildareign og 20 með 30% hlutdeildareign leigjanda. Í lok árs 2019 voru 126 umsækjendur á biðlista eftir almennri félagslegri íbúð og 63 á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð aldraðra.




Mynd 20. Fjöldi umsókna og úthlutunar í félagslegar leiguíbúðir

Alls bárust 83 umsóknir um félagslegra leiguíbúðir árið 2019. Af þeim umsóknum eru 52 % umsækjanda öryrkjar og af heildarfjölda umsækjanda eru 4,9 % húsnæðislausir, þ.e. þeir vita ekki hvar þeir eiga að sofa næstu nótt og 17% eru húsnæðislausir og búa hjá ættingjum. 46



börn fylgdu þeim 83 umsóknum sem bárust árið 2019. Á árinu 2019 komu 16 félagslegar leiguíbúðir til úthlutunar og þar af voru 5 leiguíbúðir fyrir aldraða.

Sérstakur húsnæðisstuðningur- er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem eiga í erfiðleikum með að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrgðar eða annarra félagslegra erfiðleika. Uppfylla þarf öll skilyrði almennra húsnæðisbóta og ekki er unnt að afgreiða umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning nema umsækjandi hafi sótt um almennar húsnæðisbætur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og fengið þær samþykktar.



Mynd 21. Fjöldi samþykkrar umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning



ÖLDRUNARMÁL



Starfsmenn

Forstöðumaður:

Ása Eyjólfsdóttir

Deildarstjóri heimaþjónustu:

Margrét Arnbjörg Valsdóttir

Deildarstjóri dagdvala Nesvöllum og Selinu:

Eyrún Sif Ingólfssdóttir

Deildarstjóri félagsstarfs:

Guðbjörg Marteinsdóttir

Velferðarþjónustan stendur frammi fyrir nýjum áskorunum á næstu misserum í málefnum aldraða. Framþróun á sér stað um hugmyndafræði, orðræðu og tækninýjungar í þjónustu við eldri borgara. Málaflokkurinn er ört vaxandi og mun breytt aldurssamsetning þjóðarinnar með auknum fjölda eldri borgara gera meiri kröfur til þjónustunnar. Íbúar Reykjanesbæjar munu lifa lengur, vera heilbrigðari og taka virkan þátt í ákvarðanatöku varðandi líf sitt. Stefna ríkisins er að lágmarka stofnanavistun og auka fjölbreytni við þjónustuþega í takt við færni þeirra og heilsu.

Þjónustumiðstöð – Nesvellir

Megnið af þjónustu við aldraða íbúa Reykjanesbæjar er staðsett í þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á Nesvöllum. Þar er boðið upp á hádegisverð alla virka daga, hreyfingu (leikfimi og dans), listasmiðju með fjölbreyttu handverki, viðburði í sal og dagdvöl. Félag eldri borgara á Suðurnesjum er einnig með aðstöðu í húsinu og öfluga starfsemi þar.

Í þjónustumiðstöðinni er einnig sjálfstæð starfssemi t.a.m. sjúkraþjálfun, hárgreiðslustofa, fótaaðgerða/snyrtistofa og læknaþjónusta. Einnig hafa félagsamtök í bæjarfélaginu fengið afnot af húsnæðinu eins og t.d. Gigtarfélag Suðurnesja og Blindrafélagið.




Félagsstarf

Félagsstarf á Nesvöllum einkennist af fjölbreytni með það að markmiði að koma til móts við sem flesta má þar nefna; gler, postulín, keramik og handavinna. Boðið var upp á hreyfingu tvisvar sinnum í viku á mánudögum og fimmtudögum. Þá er einnig fjölbreytt félagsstarf sem Félag eldri borgara á Suðurnesjum býður upp á Nesvöllum t.a.m. bingó, félagsvist, bridge o.fl. Utan Nesvalla er boðið upp á boccia tvisvar í viku í Íþróttahúsinu við Sunnubraut undir leiðsögn þjálfara.

Á Nesvöllum eru einnig viðburðir á föstudögum þar sem boðið er uppá ýmiss konar skemmtiatriði s.s. söng, dans, kynningar o.fl. Starfsmenn Nesvalla sjá um að skipuleggja viðburði á föstudögum fyrir eldri borgara í samstarfi við Hrafnistu og Félag eldri borgara.

Stöðugildi félagsstarfs eru alls 2,5.



Mynd 22. Félagsstarf á Nesvöllum 2019


Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði fyrir eldri borgara sem búa í heimahúsi. Dagdvalarrými í Reykjanesbæ eru alls 33, þar af eru 18 rými almenn og 15 rými fyrir minniskerta. Dagdvöl fyrir minniskerta er í Selinu við Vallarbraut en almenn dagdvöl er staðsett á Nesvöllum. Dagdvöl er mikilvægur liður í að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima. Dvalartími fer eftir þörfum og vilja hvers og eins en hann getur verið frá einum og upp í fimm daga vikunnar.

Lagt er upp með heimilislegt og notalegt umhverfi á báðum dagdvölunum. Jafnframt er leitast við að viðhalda sjálfstæði einstaklingsins eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega, vitsmunalega og félagslega færni hvers og eins. Þá er lögð á að efla þátttöku einstaklinganna í daglegu starfi og athöfnum. Boðið er uppá akstur til og frá dagdvölinni fyrir þá sem þess óska.

Á árinu 2019 nutu 85 dvalargestir þjónustu Dagdvalanna. Þar af 38 í Selinu og 47 á Nesvöllum, 48 konur og 37 karlar.

Samningur var gerður við Félagsþjónustu Suðurnesjabæjar um að allt að þrjú einstaklingar sem búsettir eru þar geti komið í dagdvölinni í Selinu.



Mynd 23. Fjöldi einstaklinga og fjöldi daga í dagvölum árið 2019.

Félagsleg heimaþjónusta


Í félagslegri heimaþjónustu starfa 16-20 starfsmenn að jafnaði í um 15,5 stöðugildum.

Félagsleg heimaþjónusta er veitt til allra aldurshópa. Markmið hennar er að aðstoða íbúa sem búa heima við heimilishald, persónulega umhirðu og aðrætti vegna skertrar getu, að efla einstaklinga til sjálfsbjargar. Félagsleg heimaþjónusta stuðlar að því að gera öldruðum, fótluðum og veikum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og þjónustuþörfin ræðst af aðstæðum í hverju einstöku tilviki.

Helstu verkefni félagslegrar heimaþjónustu er:

- aðstoð við heimilishald
- aðstoð við persónulega umhirðu
- félagslegur stuðningur
- heimsóknarþjónusta
- aðstoð við umönnun barna skv. Barnaverndarlögum

Alls fengu 399 heimili aðstoð frá félagslegri heimaþjónustu. Þar af voru 85 heimili öryrkja eða annarra sem fengu aðstoð vegna tímabundinna/langvarandi veikinda, félagslegra erfiðleika eða annars og 314 heimili aldraðra. Samtals voru heimsóknir frá starfsmönnum heimaþjónustunnar 14.894 klst.



Mynd 24. Heimili og tímafjöldi í félagslegri heimaþjónustu eftir mánuðum 2019

Samþætt heimaþjónusta

Á árinu var tekin upp samþætt heimaþjónusta í samvinnu heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og félagslegrar heimaþjónustu Velferðarsviðs Reykjanesbæjar. Fjármögnun og stjórnun er aðskilin en skipulag verkefna og verkefni eru sameiginleg.


Markmiðið með samþættri heimaþjónustu er að veita örugga, rétt tímasetta og skilvirka, notendamiðaða og árangursríka þjónustu sem er bæði samfelld og samhæfð. Áhersla verður lögð á að þjónustan auki líkur á bættri heilsu og auknum lífsgæðum þjónustuþega.

Með vel skipulagðri samþættri heimaþjónustu og auknum stuðningi við einstaklinga á heimilum má fækka bráðainnlögnum og seinka stofnanadvöl á hjúkrunarheimili.

Verkefnið hófst þann 1. október 2019 og hefur 21 einstaklingur fengið samþætta heimaþjónustu í alls 436 klst.

Heimsendur matur

Heimsendur matur er í boði í hádegi alla daga ársins til þeirra sem ekki geta séð sjálfir um matseld og geta ekki nýtt sér mótuneytið á Nesvöllum. Á árinu fengu 133 einstaklingar heimsendan mat. Samningur er við Hrafnistu á Nesvöllum varðandi heimsendan mat sem og Ferðaþjónustu fatlaðra sem sér um útkeyrslu alla daga ársins.



Mynd 25. Heimsendur matur eftir mánuðum árið 2019

Fjölþætt heilsuefning – Leið að farsælli öldrun

Frábær árangur hefur náðst í verkefni dr. Janusar Guðlaugssonar; Fjölþætt heilsuefning 65+ í Reykjaneshæ. Verkefnið hófst í maí árið 2017 og var fyrsti hópurinn útskrifaður þann 6. mars 2019.



Verkefnið Fjölþætt heilsuefning 65+ fór frá upphafi vel af stað í Reykjaneshæ. Margir eldri borgarar sýndu verkefninu strax áhuga en um 120 einstaklingar á aldrinum 65 til 94 ára skráðu sig til þátttöku. Markvisst hefur verið unnið að ná þeim markmiðum og normum sem alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir og Embætti landlæknis setur þessum aldurshópi. Markmið verkefnisins er að bæta heilsu og lífsgæði fólks með daglegri hreyfingu, stunda styrktarþjálfun tvisvar sinnum í viku og bæta matarmenningu.

Langtíma markmið verkefnis er að geta sinnt athöfnum daglegs lífs lengur og koma í veg fyrir of snemmbæra innlögnum inn á dvalar- og hjúkrunarheimili.

Á sama tíma og fyrsti hópurinn var útskrifaður var jafnframt skrifað undir nýjan samstarfssamning til þriggja ára milli Reykjaneshæjar og Janusar heilsuefningar slf. Þegar hafa tveir hópar bæst við í verkefnið auk þess sem fyrir er hópur sem hefur verið í 12 mánuði. Markmiðið er annars að taka inn í verkefnið á sex mánaða fresti.



ÞJÓNUSTA VIÐ UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND



Starfsmenn

Verkefnastjóri: Iðunn Ingólfssdóttir

Ráðgjafi: Guðmundur Stefán Gunnarsson


Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna frá 1951. Um málsmeðferð vegna umsókna um alþjóðlega vernd er fjallað um í lögum um útlendinga nr. 96/2002. Velferðasvið Reykjanesbæjar þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd meðan mál þeirra eru til afgreiðslu hjá íslenskum stjórnvöldum skv. samningi við Útlendingastofnun upphaflega frá árinu 2004.

Útlendingastofnun annast afgreiðslu umsókna um hæli á fyrsta stjórnarsýslustigi en umsóknir eru lagðar fram hjá lögreglu. Samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga, sem endurspeglast í flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna, eiga þeir sem sæta ofsóknum í heimalandi sínu eða eiga hættu á dauðarefsingu, pyndingum eða ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu rétt á hæli sem flóttamenn hér á landi. Heimilt er að veita hælisleitanda sem ekki telst flóttamaður dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða standi til þess ríkar ástæður á borð við alvarleg veikindi eða erfiðar aðstæður í heimalandi.

Ísland hefur innleitt hina svokölluðu Dyflinnarreglugerð en samkvæmt henni ber það aðildarríki reglugerðarinnar sem hælisleitandi kemur fyrst til ábyrgð á afgreiðslu umsóknar hans. Allar umsóknir um hæli hér á landi eru því fyrst skoðaðar með hliðsjón af því hvort öðru aðildarríki sé skylt að fjalla um umsóknina og taka aftur við umsækjanda. Umsóknir fólks frá ríkjum sem skilgreind eru örugg sæta að meginreglu flýtimeðferð hjá útlendingastofnun.

Velferðasvið í Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ eru einu sveitarfélögin sem fara með þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Útlendingastofnun sér sjálf um að þjónusta hluta umsækjanda en allir umsækjendur byrja umsóknarferil sinni í móttökumiðstöð Útlendingastofnunar í Hafnarfirði. Þjónustuteymi hjá Útlendingastofnun sér um að úthluta umsækjendum þjónustu hjá sveitarfélögum. Rauði kross Íslands veitir umsækjendum réttaraðstoð vegna umsókna þeirra.

Á árinu 2019 komu 77 nýir umsækjendur um alþjóðlega vernd í þjónustu til Reykjanesbæjar. Flestir voru frá Írak, 31 umsækjandi.



Mynd 26. Upprunalönd umsækjenda um vernd

Á árinu 2019 lögðu starfsmenn velferðarsviðs áherslu á að auka innlit á heimili til að meta líðan og aðstæður foreldra og barna. Að auka ráðgjöf til þeirra sem fengu vernd á árinu. Íris Dröfn Björnsdóttir var með fræðslu fyrir umsækjendur um vernd varðandi heilbrigðisþjónustuna hér á landi í tengslum við nám sitt í sérnámshjúkrunarnámi í heilsugæsluhjúkrun frá HA.



Mynd 27. Fjölskyldutegund þeirra sem fengu leyfi á árinu 2019

Á árinu 2019 fengu 42 aðilar í þjónustu Reykjanesbæjar samþykka umsókn sína um alþjóðlega vernd. Flestir sem fengu leyfi ákváðu að setjast að í Reykjanesbæ eða 32 einstaklingar, 10 fluttu til Reykjavíkur.



FJÖLMENNING



Verkefnastjóri: Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

Í árslok 2019 voru íbúar Reykjanesbæjar 19.415 og þar höfðu 25,5% íbúanna erlent ríkisfang. Íbúarnir höfðu 90 ólík ríkisföng, utan íslenskt, en tveir þriðju þeirra höfðu pólskt ríkisfang eða 16% allra íbúa Reykjanesbæjar. Næst fjölmennastir eru ríkisborgarar frá Litháen, Rúmeníu, Lettlandi Danmörku og Króatíu en þeir hópar eru mun minni eða með um 90 - 380 íbúum.

Reykjanesbær vann víðtæka stefnumótunarvinnu árið 2019. Í september var ný stefna fyrir sveitarfélagið samþykkt til ársins 2030 með kjörorðunum *Reykjanesbær í krafti fjölbreytileikans*. Kraftur fjölbreytileikans er einn af sex áhersluþáttum sveitarfélagsins með eftirfarandi orðum:

Nýtum til fulls kosti fjölbreytileikans og eflum alla bæjarbúa að búa sér og börnum gott líf með virkri þátttöku í samfélaginu.

Fjölbreytileiki mannlífsins kemur inn á öll svið samfélagsins og starfar verkefnastjóri fjölmenningsmála því náið með öllum sviðum sveitarfélagsins.

Gagnagrunnur

Gagnagrunnur með lýðfræðilegri samsetningu íbúa sveitarfélagsins var tekinn saman og er áætlað að gera það ársfjórðungslega. Í júní 2019 var íbúasamsetningin kortlögð í fyrsta sinn út frá aldri, kyni og ríkisfangi. Aldursbilin voru skoðuð með 5 ára aldursbilum, þ.e. frá 0–5 ára, 6–10 ára, 11 – 15 ára og upp að 95 ára og eldri. Ríkisföngin voru greind út frá heildarfjöldaíbúa, íslensku ríkisfangi, erlendu og síðan voru sérstaklega teknir út þeir sem hafa pólskt ríkisfang. Athygli vakti að mikill munur er á hlutfalli erlendra ríkisborgara eftir aldursbilum. Um 70% allra erlendra ríkisborgara er á aldrinum 21–45 ára. Upplýsingar um íbúa Reykjanesbæjar voru aftur kortlagðir í október og desember 2019 og var ekki greinanlegur munur á tímabilunum.

Erindi um fjölmenningu og menningarnæmi

Verkefnastjóri fjölmenningsmála hélt um tíu erindi sem báru yfirskriftina *hugvekja um fjölmenningu og menningarnæmi*. Erindin voru kynning á störfum verkefnastjórans og hugvekja um það sem hver og einn getur gert fyrir fjölmenningsamfélagið. Þau voru flutt fyrir bæjarfulltrúa, stjórnendur Ícelandair á Keflavíkurflugvelli, Embætti lögreglunnar á Suðurnesjum, leikskólann Heiðarsel, dagforeldra í Reykjanesbæ, Rótarýklúbb Keflavíkur, Norrænan sérfræðingahóp sveitarfélagssambanda og á fræðsludegi grunnskólanna.

Verkefnastjóri hélt jafnframt erindi fyrir starfsmenn ráðhússins um hugtök og skilgreiningar í málefnum innflytjenda. Erindið bar yfirskriftina *Hver er hver og hvers er hvurs*.

Samstarf og teymi

Í nóvember 2019 var haldinn undirbúningsfundur um Suðurnesjateymi um málefni innflytjenda, en slíkt er starfandi á höfuðborgarsvæðinu. Á þeim fundi voru fulltrúar frá Fræðslusviði



Reykjanesbæjar, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og Embætti lögreglunnar á Suðurnesjum, auk verkefnastjóra fjölmeningarmála.

Sveitarfélög á Íslandi hafa í auknum mæli ráðið til sín sérfræðinga á sviði fjölmeningarmála. Þessir fulltrúar hafa haft samráð sín á milli og hittust á fundi hjá Fjölmeningarsetrinu á Ísafirði í lok september.

Fagleg þjónusta við flóttafólk í Reykjanesbæ

Á árinu var lögð áhersla á faglega þjónustu við flóttafólk. Auður Ósk Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldumeðferðarfræðingur hélt námskeið fyrir starfsfólk Reykjanesbæjar og samstarfsfólk. Starfsfólk Velferðarsviðs og Fræðslusviðs fékk tækifæri til þess að dýpka þekkingu sína og skilning með tveimur hóphandleiðslutímum eftir námskeiðið.

Námskeiðið fjallaði um starf fagfólks með flóttafólki og aðferðir til þess að styðja við einstaklinga og fjölskyldur sem hafa upplifað áföll. Meðal annars var farið yfir aðferðir fyrir fagfólk til þess að nálgast vinnu með fólki í áföllum og leiðir til þess að takast á við eigin líðan í slíkum störfum.

Verklag í þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd var skráð niður á árinu.

Reykjanesbær jók samstarf sitt við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna á árinu og skrifaði undir yfirlýsingu sveitarfélaga sem eru vinveitt flóttafólki *Cities #withrefugees*. Með þeim hætti lýsir Reykjanesbær því yfir að sveitarfélagið vinnur með faglegum hætti að starfi, stuðningi og ráðgjöf við flóttafólk og hyggst halda því áfram.

Pólsk menningarhátíð

Pólsk menningarhátíð var haldin í annað sinn þann 9. nóvember 2019 á Nesvöllum í Reykjanesbæ. Reykjanesbær hefur ákveðið að halda árlega upp á þjóðhátíðardag Póllands með þessum hætti sem lið í því að styrkja kraft fjölbreytileikans í samfélaginu. Áhersla ársins var Persónulegar sögur íbúa Reykjanesbæjar af pólskum uppruna.

Pólsku sendiherrahjónin, Gerard Pokruszynski og Margherita Bacigalupo-Pokruszynska, heiðruðu íbúa Reykjanesbæjar með nærveru sinni og þátttöku á hátíðinni og styrkti hana með fjárframlögum.

Hátíðin var fjölsótt og fann starfsfólk velferðarsviðs fyrir mikilli velvild og jákvæðni í garð hátíðarinnar, sem þótti heppnast feikivel.

Markmiðið með hátíðinni er að stuðla að auknum jöfnuði í samfélaginu, virkja íbúa af pólskum uppruna til þátttöku í samfélaginu og vinna með markvissum hætti að jákvæðu viðhorfi í garð fólks af pólskum uppruna. Annað markmið með áherslunni var að vinna að enn jákvæðara viðhorfi samfélagsins í garð fólks af pólskum uppruna.



LÝÐHEILSA



Verkefnastjóri: Guðrún Magnúsdóttir

Lýðheilsufræðingur var ráðinn til starfa hjá Reykjanesbæ í lok árs 2019 undir Velferðarsvið og starfar þvert á svið sveitarfélagsins. Hlutverk lýðheilsufræðings er að fylgja stefnumótun og innleiðingu markmiða hennar eftir. Sinna forvörnum í sinni breiðustu mynd í samstarfi við aðra starfsmenn og lýðheilsumálum hjá sveitarfélaginu og vinna að uppbyggingu heilsueflandi samfélags í samræmi við lýðheilsustefnu.

Árið 2016 skrifaði Reykjanesbær undir þátttöku í verkefninu Heilsueflandi samfélagi á vegum Embætti landlæknis. Samstarf og samráð sveitarfélaga við nærsamfélagið, opinberar stofnanir og frjáls félagssamtök við að styðja samfélög til þess að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Reykjanesbær hefur haldið verkefninu lífandi frá 2016 með aðkeyptri verkefnaþjónustu, Facebook síðunni „*Heilsueflandi samfélag í Reykjanesbæ*“ og undanfarið hefur íprótta- og forvarnarfulltrúi Reykjanesbæjar verið tengiliður við verkefnið. Nýr meirihluti í bæjarstjórn Reykjanesbæjar sem tók til starfa vorið 2019 stofnaði á árinu lýðheilsuráð sem fer fyrir heilbrigðis- og velferðarmálum, m.a. varðandi heilbrigðisþjónustu og heilsueflingu.

Í september 2019 undirrituðu Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Suðurnesjabær og Vogar undir viljayfirlýsingu um samstarf vegna Heilsueflandi samfélaga á Suðurnesjum.

Reykjanesbær hefur sett sér þrjú meginmarkmið varðandi lýðheilsu samfélagsins í heild sinni:

- Móta mælanlega og marktæka lýðheilsustefnu sem stuðlar að vellíðan og heilsueflingu íbúa á öllum aldurskeiðum í samráði við íbúa og hagsmunaaðila.
- Að jöfnuður til heilsu sé höfð að leiðarljósi við alla stefnumótun og ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins.
- Að allar stofnanir, starfsstaðir og starfsemi sveitarfélagsins séu heilsueflandi.

Sótt var um í lýðheilsusjóði Embætti landlæknis og hlaut Reykjanesbær tvær milljónir fyrir grunnlínumælingu á vellíðan og velferð íbúa.